



FRÉTTABRÉF GARÐASELS FEBRÚAR 2012

Söngstund föstudaginn 6. febrúar



Í tilefni af Degi leikskólanna 6. febrúar verður söngstund á Skála mánudaginn 6. febrúar kl: 11.00 -11.30. Við ætlum að bjóða foreldrum / fjölskyldum Garðaselsbarna að koma og taka þátt í söngstundinni. Söngtextar verða aðgengilegir fyrir gestina sem geta tekið þátt í söng og dansi með okkur

Mömmu og ömmukaffi

Föstudaginn 17. febrúar bjóðum við mömmum, ömmum og systum í morgunkaffi til okkar í tilefni konudagsins 19.febrúar. Nýbökuð brauð og kaffiveitingar verða á borðum frá kl: 8.00-9.30. Við vonum að sem flestar mömmur og ömmur sjái sér fært að kíkja til okkar. Áfram stelpur ☺



Þjóðlegir dagar – bolludagur, sprengidagur og öskudagur

Í annarri viku mars eru hinir þjóðlegu dagar ; bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Á bolludaginn verður boðið upp á bollur í kaffinu og fiskibollur í hádeginu. Á sprengidag verður síðan saltkjöt og baunir.



Á öskudaginn, **miðvikudaginn 22. febrúar**, er náttfatadagur í leikskólanum en þá mega allir koma í eða með náttfötin sín og eitthvað kósí-dýr með (bangsa, dýr....). Andlitsmálning verður í boði fyrir þá sem vilja og mega og sameiginleg skemmtun á Skála upp úr kl: 10.00. Dans, söngur og veiðiferði..... Deildir munu síðan ákveða hvort farið verður út í bæ með hópa eða eitthvað annað skemmtilegt

Kurteisi

Við æfum okkur í kurteisinni á hverjum degi og það er öllum hollt. Gott er að æfa sig í að

- að bjóða góða daginn og kveðja þegar farið er
- að muna eftir að þakka fyrir sig
- að sýna öðrum tillitsemi og vináttu
- að gæta orða sinna

Þetta eru allt viðfangsefni sem gott er að hafa með sér á hverjum degi. Foreldrar eru hvattir til taka þátt í dyggðanáminu og ræða mikilvægi kurteisinnar við börn sín heim.



Tannvernd



Lýðheilsustöð hefur um árabíl staðið fyrir tannverndarviku í byrjun febrúar og leikskólinn hefur þar til fyrir þremur árum fylgt þeirri tímasetningu. Oft hefur okkur fundist erfitt að koma tannvernd fyrir með þorranum og þjóðlegu dögnum (bolludegi, sprengidegi og öskudegi) og ákvörðun tekin um að hafa tannverndarviku í september í tengslum við alþjóðlega tannverndardaginn 12. september. Fræðsluefni Lýðheilsustöðvar er aðgengilegt allt árið og því skiptir tímasetning tannverndarfræðslu ekki öllu máli, frekar að henni sé ætlaður tími í leikskólastarfinu. Hér er krækjan inn á fræðslusíðu Lýðheilsustöðvar

<http://www.lydheilsustod.is/greinar/tannvernd/>

Afmæli barnanna

Frá og með ármótum hefur leikskólinn breytt því skipulagi sem hefur verið um árabíl á afmælisdegi barnanna. Nú koma afmælisbörnin ekki með veitingar í leikskólann í tilefni af afmælinu en halda upp á daginn með öðrum hætti.

Það sem gert er í tilefni dagsins (misjafnt eftir deildum) er t.d.



- gera kórónu (allir)
- fá sérstaka matardiska, glös og diskamottu í matmálstímum (allir)
- syngja afmælisönginn og afmælisbarnið fær að velja leik / sönglög (allir)
- í upphafi afmælisdags bíður sérstakt hamingjuóska- spjald eftir barninu í fatahólfi þess (allir)
- börnin í hópnum / deildinni teikna mynd handa afmælisbarninu sem settar eru í eina bók sem barnið fær að gjöf (Holt)


Skagaforeldrar www.skagaforeldrar.is

Skagaforeldrar eru samtök foreldrafélaga í skólum Akraness. Markmið þeirra er að standa vörð um réttindi barna og unglinga til náms og þroska, auka áhrif foreldra í skólastarfi og vera tengiliður foreldra við sveitarfélagið.



Leikskólinn hefur bætt við krækju á heimasíðu samtakanna en þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um samtökin, verkefni þeirra og fundargerðir.

<http://www.gardasel.is/foreldrar/skagaforeldrar/>



Allir saman – það er meira gaman